

3. Heimilt er að kafa niður að hverastrýtunum og skoða þær, en óheimilt er að hrófla við þeim eða valda á þeim spjöllum. Köfun við strýturnar ber að tilkynna hafnaryfirvöldum á Akureyri samdægurs.
4. Óheimilt er að kasta akkeri innan marka náttúruvættisins. Köfurum er hins vegar bent á að kafa niður hjá ljósbauju sem komið er fyrir við strýturnar. Frá baujunni liggur band/tengilína sem fest er í næsta nágrenni kulnuðu strýturnar.
5. Óheimilt er að setja hverskonar festingar eða merki við hverastrýturnar.
6. Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi umsjónaraðila að höfðu samráði við Náttúruvernd ríkisins.
7. Til ráðuneytis um stjórn náttúruvættisins skal skipuð samráðsnefnd og tilnefna Hafrannsóknastofnunin, Siglingastofnun, Hafnarsamlag Norðurlands, fulltrúi áhuga-kafara á Norðurlandi og Náttúruvernd ríkisins einn fulltrúa hver.

Náttúruvernd ríkisins getur falið lögaðila umsjón með náttúruvættinu og um hana skal gerður sérstakur samningur sem umhverfisráðherra staðfestir.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Friðlýsingin tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar í Stjórnartíðindum.

Grenivík, 12. mars 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag íbúða- og skólasvæðis að Hallormsstað, Austur-Héraði.

Með vísan til 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 er hér með auglýst að bæjarstjórn Austur-Héraðs hefur þann 7. mars 2001 samþykkt deiliskipulag fyrir íbúða- og skólasvæði að Hallormsstað.

Fullnægt er skilyrðum 3. mgr. 25. gr. laganna um umsögn Skipulagsstofnunar, sbr. bréf hennar dags. 15. mars 2001.

Hið deiliskipulagða svæði nær yfir göturnar Fjósakamb og Réttarkamb, auk lóðar Hallormsstaðarskóla og Hótel Hallorms, auk óráðstafaðs opins svæðis.

Því er hér með tilkynnt að ofangreint deiliskipulag hefur tekið gildi frá og með birtingu auglýsingar þessarar.

Egilsstöðum, 19. mars 2001.

Pórhallur Pálsson,

forstöðumaður umhverfissviðs Austur-Héraðs.